

## AUGLÝSING

### um verklagsreglur ráðgjafarnefndar Orkusjóðs.

Með vísan til 2. mgr. 3. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð, og að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar Orkusjóðs, staðfesti iðnaðar- og viðskiptaráðherra í dag, 29. júní 2016, verklagsreglur fyrir ráðgjafarnefndina.

Verklagsreglurnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. júní 2016.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Ingvi Mór Pálsson.**

*Helga Barðadóttir.*

#### Fylgiskjal.

### VERKLAGSREGLUR

#### ráðgjafarnefndar Orkusjóðs.

#### I. KAFLI

#### Hlutverk og gildissvið.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Verklagsreglur þessar fjalla um verklag varðandi afgreiðslur lánsúmsókna, úmsókna um niðurfellingu á endurgreiðsluskyldu lána, og úmsókna um almenna og sérstaka styrki Orkusjóðs.

##### 2. gr.

##### *Stjórnssýsla.*

Orkusjóður er í eigu ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón sjóðsins er í höndum iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Dagleg úmsýsla sjóðsins er á hendi Orkustofnunar, sem tilnefnir sérstakan starfsmann til verksins. Verklagsreglur þessar eru settar á grundvelli 3. gr. reglugerðar um Orkusjóð, nr. 185/2016.

##### 3. gr.

##### *Hlutverk Orkusjóðs.*

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis.

##### 4. gr.

##### *Samkeppnissjóður.*

Orkusjóður er samkeppnissjóður. Styrkumsóknir eru metnar út frá hlutverki og tilgangi sjóðsins og þeim áhersluatriðum sem fram koma í auglýsingum um styrki hverju sinni.

##### 5. gr.

##### *Hlutverk ráðgjafarnefndar Orkusjóðs.*

Ráðgjafarnefnd skal gera tillögur til ráðherra um lánveitingar, styrki og aðrar einstakar greiðslur úr Orkusjóði. Áður en ráðgjafarnefndin gerir tillögur til ráðherra, leitar nefndin umsagna Orkustofnunar og/eða annarra sérfræðinga um láns- og styrkumsóknir. Í upphafi árs tekur ráðgjafarnefndin ákvörðun um fyrirkomulag styrkveitinga ársins, bæði hvað varðar almenna styrki og sérstaka styrki, þar sem m.a. er tekið tillit til fjárveitinga til sjóðsins.

## 6. gr.

*Fundir ráðgjafarnefndar, fundargerðir og birting gagna.*

Ráðgjafarnefnd færir fundi til bókar. Fundargerðir nefndarinnar og lokaskýrslur styrktra verkefna eru birtar á vefsvæði Orkustofnunar. Nefndin kemur saman að jafnaði 6 sinnum á ári og/eða eftir þörfum og umfangi verkefna svo tímafrestir sjóðsins séu haldnir.

## 7. gr.

*Hæfisreglur og samskipti við umsækjendur.*

Þeir sem sitja í ráðgjafarnefnd skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirbyggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni varðandi tillögur um styrki til verkefna. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Samskipti við umsækjendur og upplýsingagjöf til þeirra er alfarið á höndum starfsmanns Orkusjóðs og fara fyrst og fremst fram rafrænt. Umsóknareyðublöð og aðrar nauðsynlegar upplýsingar vegna láns- og styrkumsókna skal birta á vefsvæði Orkustofnunar. Í umsóknargögnum og á vefsvæði skal koma fram, að umsækjendum og fulltrúum í ráðgjafarnefnd sé óheimilt að ræða saman um efni umsókna meðan umfjöllun um þær fer fram. Sé það gert getur það orðið til þess að umsókn sé vísað frá.

## II. KAFLI

**Almennir styrkir Orkusjóðs, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð.**

## 8. gr.

*Fyrirkomulag og auglýsing almennra styrkja.*

Ákveði ráðgjafarnefndin að veittir verði almennir styrkir, skulu þeir alla jafnan auglýstir fyrir lok janúar. Nefndin ákveður sérstök áhersluatriði við úthlutun hverju sinni og skulu þau koma fram í auglýsingu. Umsóknarfrestur skal vera a.m.k. einn mánuður. Ráðgjafarnefnd skal ljúka umfjöllun og afgreiðslu tillagna til ráðherra, innan tveggja mánaða frá því að umsóknarfresti lýkur.

## 9. gr.

*Umsóknir um almenna styrki.*

Styrkumsóknum og fylgiskjölum skal skilað rafrænt á umsóknareyðublöðum á þjónustugátt á vefsvæði Orkustofnunar.

## 10. gr.

*Mat á umsóknum um almenna styrki.*

Áður en ráðgjafarnefndin gerir tillögu til ráðherra um styrkveitingu skal hún leita umsagna Orkustofnunar og/eða annarra sérfræðinga eftir því sem við á. Tryggja þarf að umsagnaraðilar uppfylli hæfisreglur. Nota skal sérstök samræmd umsagna- og matsform. Umsagnaraðilar samræma framsetningu umsagna og mats á umsóknum, áður en skilað er til ráðgjafarnefndar. Ráðgjafarnefnd forgangsraðar þeim verkefnum sem lagt er til að verði styrkt með hliðsjón af umsögnum og í samræmi við áherslur auglýsingar og fjármagn til ráðstöfunar.

## III. KAFLI

**Sérstakir styrkir Orkusjóðs, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð.**

## 11. gr.

*Fyrirkomulag og auglýsing sérstakra styrkja.*

Ákveði ráðgjafarnefndin að veittir verði sérstakir styrkir, skulu þeir alla jafnan auglýstir fyrir lok febrúar. Nefndin ákveður sérstök áhersluatriði við úthlutun hverju sinni og skulu þau koma fram í auglýsingu. Umsóknarfrestur skal vera a.m.k. einn mánuður. Ráðgjafarnefnd skal ljúka umfjöllun og afgreiðslu tillagna til ráðherra innan tveggja mánaða frá því að umsóknarfresti lýkur.

## 12. gr.

*Umsóknir um sérstaka styrki.*

Styrkumsóknum og fylgiskjölum skal skilað rafrænt á umsóknareyðublöðum á þjónustugátt á vefsvæði Orkustofnunar.

## 13. gr.

*Mat á umsóknum um sérstaka styrki.*

Áður en ráðgjafarnefndin gerir tillögu til ráðherra um styrkveitingu skal hún leita umsagna sérfræðinga Orkustofnunar og/eða annarra sérfræðinga eftir því sem við á. Tryggja þarf að umsagnaraðilar uppfylli hæfisreglur. Nota skal sérstök samræmd umsagna- og matsform. Umsagnaraðilar samræma framsetningu umsagna og mats á umsóknum, áður en skilað er til ráðgjafarnefndar. Ráðgjafarnefnd forgangsraðar þeim verkefnum sem lagt er til að styrkt verði með hliðsjón af umsögnum og í samræmi við áherslur auglýsingar og fjármagn til ráðstöfunar.

## IV. kafli

**Jarðhitaleitarlán úr Orkusjóði.**

## 14. gr.

*Umsækjendur.*

Umsækjendur um jarðhitaleitarlán geta verið einstaklingar, fyrirtæki eða sveitarfélög. Ef um er að ræða aðila sem ekki hefur haft með höndum rekstur hitaveitu þá skoðast hann sem umsækjandi en ef um er að ræða veitufyrirtæki í rekstri eða sveitarfélag sem þegar rekur hitaveitu, þá skoðast hitaveituhlutinn sem umsækjandi.

## 15. gr.

*Skilyrði fyrir lánveitingu úr Orkusjóði.*

Auk þeirra skilyrða fyrir lánveitingu úr Orkusjóði sem fram koma í 11. til 15. gr. reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð, kannar og metur ráðgjafarnefnd fjárhagsstöðu umsækjenda og getu þeirra til að fjármagna eigin hluta framkvæmdarinnar og getu til að standa í skilum með lán Orkusjóðs og önnur lán. Þá eru skilyrði lánveitinga til sveitarfélaga, og/eða fyrirtækja sveitarfélaga, að sveitarfélagið uppfylli mælikvarða eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga.

## 16. gr.

*Umsóknir og fylgigögn.*

Umsóknum og fylgigögnum skal skila með rafrænum hætti á umsóknareyðublöðum sem finna má á vefsvæði Orkustofnunar. Eftirtalдар upplýsingar skulu fylgja umsókn:

1. Skýrslur og niðurstöður fyrri kannana jarðfræðinga á leitarsvæðinu.
2. Ráðgjöf og niðurstöður jarðfræðings/a vegna fyrirhugaðrar borunar.
3. Samþykki landeiganda fyrir framkvæmdum á leitarsvæðinu.
4. Heimild skipulags- og byggingayfirvalda fyrir framkvæmdinni.
5. Upplýsingar um fjárhag umsækjanda, þ.m.t ársreikningar síðustu þriggja ára.
6. Langtímaáætlanir umsækjanda um rekstur, fjármál og framkvæmdir, til 10 ára.
7. Útfyllt reiknilíkan Orkusjóðs.
8. Áætlanir um rekstur og afkomu fyrirhugaðrar hitaveitu.
9. Orkusjóður getur óskað eftir viðbótargögnum/upplýsingum ef þurfa þykir.

## 17. gr.

*Umsókn um niðurfellingu á endurgreiðsluskyldu jarðhitaleitarláns  
sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð.*

Við veitingu láns til jarðhitaleitar liggur fyrir hver upphæð niðurfellingar endurgreiðsluskyldu getur hæst orðið. Ákvörðun um þá upphæð jafngildir ekki samþykki á niðurfellingu á endurgreiðsluskyldu.

Lántaki, sem að borun lokinni, metur það svo, að fyrir hendi séu þær aðstæður sem réttlæti niðurfellingu á endurgreiðsluskyldu láns, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 185/2016, getur sótt bréflaga

um niðurfellingu á endurgreiðsluskyldu til Orkusjóðs. Umsókninni skal fylgja ítarlegur rökstuðningur þess „að fjárhagslegri afkomu lántaka sé stefnt í hættu.“ Þá skulu einnig fylgja með önnur gögn sem umsækjandi telur nauðsynleg til rökstuðnings mati hans.

Ráðgjafarnefnd Orkusjóðs leitar umsagnar Orkustofnunar og/eða annarra sérfræðinga áður en lagt er mat á forsendur umsóknarinnar. Orkusjóður getur óskað eftir viðbótargögnum og upplýsingum ef þurfa þykir.

18. gr.

*Gildistaka.*

Verklagsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 2. mgr. 3. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð öðlast þegar gildi.